

Frá: Stefán Eiríksson

Sent: föstudagur, 10. ágúst 2018 12:26

Til: Vigdís Hauksdóttir <Vigdis.Hauksdottir@reykjavik.is>

Afrit: Dóra Björt Guðjónsdóttir <Dorabjort@reykjavik.is>; Þórdís Lóa Þórhallsdóttir <Thordis.Loa.Thorhallsdottir@reykjavik.is>; Ebba Schram <Ebba.Schram@reykjavik.is>

Efni: Vegna opinberra ummæla borgarfulltrúa um viðkvæm starfsmannamálaefni o.fl.

Sæl Vigdís.

Athygli mín hefur verið vakin á því að þú hafir á Facebook síðu þinni fyrr í dag tjáð þig um atriði sem ég fór yfir á fundi borgarráðs í síðasta mánuði, í tengslum við dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá því í júní þar sem áminning sem skrifstofustjóri veitti fjármálastjóra var felld úr gildi.

Á fundi borgarráðs upplýsti ég borgarráð í trúnaði um það sem gerst hefur eftir að umrætt mál var flutt í héraðsdómi Reykjavíkur sl. vor. Þessar upplýsingar eru ekki opinberar upplýsingar og hvorki Reykjavíkurborg né einstaka borgarfulltrúum er heimilt að greina frá því opinberalega eins og farið var yfir á fundinum. Það að starfsmaður hafi óskað eftir því að fram færi rannsókn á einelti eru upplýsingar sem eru þess eðlis að Reykjavíkurborg er lögum samkvæmt óheimilt að greina frá því opinberlega.

Þá eru í færslu þinni að finna rangfærslur um það hvers eðlis umræddur dómur er, fullyrt er að dómurinn fjalli um eineltismál og að tiltekinn starfsmaður Reykjavíkurborgar hafi verið lagður í einelti. Mikilvægt er að undirstrika að dómurinn fjallar ekki um það, þar er til umfjöllunar áminning en ekki meint einelti eins starfsmanns í garð annars. Sérstaklega er fjallað um þetta í niðurstöðukafla dómsins vegna umfjöllunar um sérstakt hæfi skrifstofustjórans til þess að veita áminning í málinu og er niðurstaða dómarans um það ótvíræð.

Ég hef ekki áður staðið frammi fyrir því að borgarfulltrúi hafi brotið trúnað með því að miðla upplýsingum sem veittar voru í trúnaði á fundi borgarráðs. Ég hef heldur ekki staðið frammi fyrir því að borgarfulltrúi hafi rangfært niðurstöður í viðkvæmu dómsmáli og úttalað sig um það opinberlega að tiltekinn starfsmaður Reykjavíkurborgar hafi lagt annan starfsmann í einelti. Þá hef ég heldur ekki staðið frammi fyrir því að borgarfulltrúi hafi miðlað opinberlega viðkvæmum persónuupplýsingum í viðkvæmu starfsmannamáli í starfi mínu hjá Reykjavíkurborg.

Ég sendi afrit af þessum pósti til forseta borgarstjórnar og formanns borgarráðs og óska eftir því að yfirlýsingar þínar verði skoðaðar nánar út frá lögum og siðareglum. Jafnframt fer afrit af þessum pósti til borgarlögmans vegna mögulegra viðbragða og ábyrgðar Reykjavíkurborgar vegna alls þessa.

Stefán Eiríksson.

Stefán Eiríksson
Borgarritari / Chief Executive Officer
Reykjavíkurborg / City of Reykjavík
Sími: 411-1111 / 862-0667 – Tel: +354 411-1111 / +354 862-0667

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.